



Helgi Áss Grétarsson,
Sérfræðingur við Lagastofnun HÍ,
Gimli 251,
Suðurgötu,
101 Reykjavík.
Netfang: hag@hi.is

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 140/1860
komudagur 20.4.2012

Reykjavík, 20. apríl 2012

Umsögn Helga Áss Grétarssonar¹

um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og til laga um veiðigjöld
(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012, þskj. 1052 og 1053–mál 657 og 658.)

Í ljósi þess stutta tíma sem veittur hefur verið til að gera athugasemdir við jafn umfangsmikil og flókin lagafrumvörp er í umsögn þessari einungis bent á fáein stjórnskipuleg atriði:

1. Telja verður ákvæði frumvarps til laga um stjórn fiskveiða um skiptingu árlegs heildaraflamarks ekki nægjanleg skýr. Þetta kann að brjóta í bága við lagaáskilnaðarreglur ákvæða stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar og atvinnufrelsis (72. gr. og 75. gr.).
2. Í frumvörpunum er ekki að finna fullnægjandi greiningu á hvernig þau skerða stjórnskipulega verndaða atvinnuhagsmuni handhafa aflaheimilda og krókaafloheimilda. Ekki er útilokað að samspil sumra ákvæða frumvarpanna leiði til þess að ríkissjóður verði bótaskyldur á grundvelli eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.
3. Í frumvarpi til laga um veiðigjöld er lagt til að lögð verði á almenn veiðigjöld og sérstök veiðigjöld. Í skilningi laga eru þessi gjöld skattur. Yfirlýsingar um sameign þjóðar eða þjóðareign á villtum og vörslulausum nytjastofnum sjávar haggja þessu ekki.
4. Lagt er til í frumvarpi til laga um veiðigjöld að stjórnvöldum sé falið mat við ákvörðun sérstaks veiðigjalds og þau hafi heimild til að veita undanþágur frá gjaldinu. Ég tel þessa skípan mála orka tvímælis með hliðsjón af 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.
5. Það stenst vart stjórnskipulegar kröfur um meðalhóf og jafnræði að leggja á sérstakt veiðigjald á einstaka gjaldskylda aðila á grundvelli almennra upplýsinga um rekstur fiskveiða í atvinnuskyni og enn síður á grundvelli upplýsinga um rekstur sem skattþegninn er ekki að sinna, þ.e. útgerð án fiskvinnslu. Eins og þessar frumvarpstíllögur eru úr garði gerðar er líklegt að þær brjóta í bága við 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Í því skyni að fylgja þessari umsögn eftir óska ég eftir að koma fyrir atvinnuveganefnd Alþingis.

Virðingarfyllt,

Helgi Áss Grétarsson

¹ Staða mín sem sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands hefur verið fjármögnuð með tveim samstarfssamningum Lagastofnunar og Landssambands íslenskra útvegsmanna.